

Því í ofanverðum málmánuði 1952 til þessa tíma hefur stefnandi haft fasta vinnu við afgreiðslustörf hér í bæ með 2.800,00 króna launum upphaflega, sem síðan hafa hækkað nokkuð vegna dýrtíðaruppbótar. Þegar á þessi atriði öll er litið, þykir stefnandi ekki hafa fært sönnur á, að hann hafi beðið fjárhagslegt tjón, að því er þetta atriði snertir, og verður kröfuliður þessi því ekki tekinn til greina að neinu leyti.

Um 6. lið. Þjáningabætur þykja hæfilegar kr. 2.500,00.

Samkvæmt framangreindri skiptingu sakarinnar ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda helminginn af kr. 1.680,00 + 120,00 + 1.200,00 + 3.000,00 + 2.500,00 eða kr. 4.250,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 10. jan. sl., til greiðsludags og 800,00 krónur í málskostnað.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð :

Stefndi, Sigurður Kristófer Árnason, greiði stefnanda, Stefáni Aðalsteinssyni, kr. 4.250,00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja ásamt 6% ársvöxtum frá 10. jan. 1953 til greiðsludags og kr. 800,00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1954.

Nr. 98/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)  
gegn

**Guðmundi Friðþjófi Guðmundssyni**  
(Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot á bifreiða- og umferðarlögum.

#### Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til atvikalýsingar héraðsdóms þykir ákærði hafa gerzt sekur við þau ákvæði bifreiðalaga og umferðarlaga, sem þar greinir. Telst refsing hans hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800,00 til hvors.

### Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson, greiði kr. 200,00 sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 800,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1954.

Ár 1954, mánudaginn 26. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1844/1954: Ákærvaldið gegn Guðmundi Friðþjófi Guðmundssyni, sem dómtekið var 5. apríl sl.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 2. marz sl., gegn Guðmundi Friðþjófi Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Rauðarárstíg 9 hér í bæ, fyrir brot á 9. gr., 1., 2. og 4. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 frá 1941, og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 frá 1930, með því að hafa hinn 17. ágúst 1953 ekið bifreiðinni R. 3675 of hratt og ógætilega eftir Sigtúni í Reykjavík og orðið með því meðvaldur að árekstri við bifreiðina R. 118, og enn fremur fyrir að hafa óvirkan hraðamæli.

Ákæríst nefndur Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson til að sæta refsingu samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, 14. gr. umferðarlaga og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. október 1916 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svo hljóðandi:

1952 30/4 Rvík. Áminning fyrir vanrækslu á skoðun bifreiðar.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 17. ágúst 1953 kl. 20.35 var tilkynnt á lögreglustöðina hér í bæ, að árekstur hefði orðið þá rétt áður á móts við húsið nr. 33 við Sigtún. Reyndust tildrög árekstrarins hafa verið þau, að Oddgeir Einarsson, Sigtúni 33 hér í bæ, hafði verið að taka bifreið sína, R. 118, af stað frá nyrðri jaðri Sigtúns, er bifreiðina R. 3675 bar að á leið austur Sigtún. Leiddi þetta til þess, að bifreiðarnar rákust saman. Kom framhögghlíf bifreiðarinnar R. 118 hægra megin á aurlífur bifreiðarinnar R. 3675 vinstra megin með þeim afleiðingum, að þær rifnuðu talsvert, og sömuleiðis skemmdist framhurð bifreiðarinnar vinstra megin. Skemmdir á bifreiðinni R. 118 urðu þær, að framhögghlíf skemmdist og framaurlíf rispaðist lítillega. Skv. uppdrætti af slysstaðnum stendur bifreiðin R. 118 á ská í götunni á svæði utan akbrautar og veit í suðaustur. Framendi hennar hægra megin nær þó aðeins inn á svæði, sem markað er sem akbraut. Um 8 metrum fyrir framan bifreiðina R. 118 stendur bifreiðin R. 3675 bein fyrir í götunni vinstra megin úti við jaðar þess svæðis, sem markað er sem akbraut. Aftur af bifreiðinni í beina stefnu á götunni eru sýnd hjólför, sem eru um 7 metrar. Aftur af þeim taka við hemlaför, sem eru um 10 metrar. Er áreksturinn varð, var veður hjart, en færi blautt. Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malborið. Bifreiðin R. 118 er fólksflutningabifreið 6 manna af gerðinni Chevrolet, og bifreiðin R. 3675 er fólksflutningabifreið 6 manna af gerðinni Chrysler. Í skoðunartvöttröð bifreiðaeftirlitsins, dagsettu 18. ágúst 1953, segir, að tveir bifreiðaeftirlitsmenn hafi skoðað bifreiðina R. 3675. Var hún reynd í akstri á Sigtúni. Er henni var ekið austur Sigtún á móts við húsin nr. 31 og 33 með 20 mílna, 32 km, hraða og stöðvuð, reyndist lengd hemlafara 13,5 metrar. Tekið var fram, að Sigtúnsvegurinn væri malarvegur með lausri mól. Hraðamælir bifreiðarinnar R. 3675 var óvirkur, en mæling hraðans var gerð með samanburði við eftirlitsbifreiðina R. 15, sem ekið var samtímis á sama hraða, en hún hefur mílumæli. Við nákvæma athugun á hemlum bifreiðarinnar R. 3675 sást, að á hægri afturhjóli verkaði hemillinn aðeins seinna en á hinum hjólunum, sem öll mörkuðu greinilega hemlaför.

Ákærður, Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson, hefur skýrt svo frá atvikum, að hann hafi í umrætt skipti komið akandi á bifreið sinni, R. 3675, með 20—25 km hraða austur Sigtún. Kveðst hann vera öruggur um, að hann hafi ekið með þessum hraða, enda þótt enginn hraðamælir hafi verið í sambandi í bifreið hans. Er hann fór með bifreiðina í skoðun, kvað hann bifreiðaeftirlitið enga athugasemd hafa gert við það. Er ákærður nálgast húsið nr. 33 við Sigtún, varð hann var við bifreiðina R. 118, er stóð þar utan akbrautar vinstra megin bein fyrir í götunni. Í dómi neitaði ákærður að svara því, hve bilið hefði verið langt á milli bifreiðar sinnar og bifreiðarinnar R. 118, er bifreiðinni R. 118 var ekið af stað, en

vísaði til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni. Þar hafði hann sagt, að um leið og hann sá bifreiðina R. 118, hefði henni verið ekið af stað og beygt skyndilega til hægri. Átti hann þá eftir 3—4 metra að henni. Ákærður kveðst hafa hemlað, strax og hann varð var við, að hætta stafaði af bifreiðinni R. 118. Ekki gaf ákærður hljóðmerki, enda kveður hann ekki hafa verið tíma til þess. Frekari spurningum neitaði ákærður að svara í dómi, en vísaði stöðugt til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni. Þar hafði hann sagt, að eftir að hann hemlaði, hefði bifreið sín dregið hjólin á lausamöl á götunni. Ekki kvaðst hann geta sagt um, hvort bifreiðarstjóri R. 118 hefði stanzað eða ekki, er áreksturinn varð, en hann varð þannig, að högghlífarhornið og aurlíflif hæggra megin að framan á bifreiðinni R. 118 lentu fyrst utan í vinstri aurlíflif að framan á bifreið hans, en við það, að bifreið ákærðs hefði runnið áfram, hefði framendi bifreiðarinnar R. 118 hæggra megin dregið aftur með hlið bifreiðarinnar R. 3675. Ákærður gerði hvorki athugasemd við uppdrátt né skoðunarvottorð. Er áreksturinn varð, var ákærður einn í bifreiðinni.

Oddgeir Einarsson, stjórnandi bifreiðarinnar R. 118, hefur skýrt svo frá atvikum, að fyrir framangreindan árekstur hefði bifreið sín staðið fyrir framan húsið nr. 33 við Sigtún norðan megin götunnar og snúið austur. Er Oddgeir fór út í bifreiðina og settist undir stýri hennar, varð hann ekki var við neina bifreið á ferð austur eða vestur götuna. Áður en hann ók af stað og beygði til hægri út í götuna, kveðst hann hafa gáð að umferðinni um götuna til beggja handa, en ekki orðið var við neina bifreið. Er Oddgeir hafði beygt út í götuna og var að aka út á venjulega akbraut, varð hann skyndilega var við bifreið á leið austur götuna á greiðri ferð, að minnsta kosti á 40 km hraða, að því er hann gizkar á. Átti þessi bifreið þá eftir 4—5 metra að bifreið hans. Oddgeir kveðst hafa snarhemlað, og hafi bifreið hans, R. 118, numið staðar, er bifreiðin R. 3675 rakst á hana hæggra megin að framan með framanskráðum afleiðingum. Að árekstrinum afstöðnum var bifreiðinni R. 3675 ekið áfram góðan spöl. Oddgeir kvaðst telja, að bifreiðarstjóri R. 3675 hefði getað forðað árekstrinum, ef hann hefði ekið á eðlilegri ferð eða venjulegum innanbæjarhraða.

Vitnið Oddur Valentínsson, Sigtúni 31, hefur skýrt frá því, að það hafi staðið við glugga heima hjá sér, er veit út að Sigtúni, og séð til ferða bifreiðarinnar R. 3675, rétt áður en áreksturinn varð. Virtist því bifreiðinni vera ekið nokkuð greitt. Kveðst það telja, að henni hafi verið ekið á meiri hraða en löglegt er hér innan bæjar eða á meira en 25 km hraða. Bifreiðin var svo horfin vitninu sjónum, er áreksturinn varð, en það heyrði inn til sín hávaðann af honum. Kveðst vitnið ekkert geta sagt um áreksturinn.

Vitnið Sigurður Kristófer Guðmundur Sigþórsson lögregluþjónn,

er kom á árekstrarstaðinn og gerði uppdrátt af honum, segir öll ummerki þar hafa bent til þess, að bifreiðinni R. 3675 hafi verið ekið á talsvert miklum hraða. Er það ætlun vitnisins, að hraði hennar hafi að minnsta kosti verið 40—50 km miðað við klukkustund.

Vitnið Hjörleifur Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður segir hjólbarða bifreiðarinnar R. 3675 hafa verið sléttslitna, og hafi hún vegna þess að álitni þess runnið svo langt í lausamölinni, er hún var reynd í akstri, eins og reyndin varð.

Því hefur verið haldið fram af hálfu ákærðs, að hann hafi ekið með 20—25 km hraða á klukkustund, er áreksturinn varð, og vegna þess, hve Oddgeir Einarsson hafi ekið skyndilega í veg fyrir sig, hafi hann ekki átt þess kost að forða árekstrinum, enda þótt hann gerði allar hugsanlegar ráðstafanir til þess. Af framburði Oddgeirs Einarssonar, ummerkjum á árekstrarstað og einnig þegar virtur er framburður ákærðs sjálfs, sem hefur neitað að svara í dómi veigamiklum spurningum varðandi áreksturinn, þykir nægilega sannað, að ákærður hafi ekki viðhaft nægilega aðgát í akstri, þar sem hann fylgdist ekki með ferðum bifreiðarinnar R. 118 og veitti henni ekki næga athygli fyrr en um seinan. Ekki gaf ákærður heldur bifreiðarstjóra hennar viðvörðun, né heldur sveigði hann frá henni, en með því hefði hann átt að geta forðað árekstrinum. Þá er nægilega sannað með skoðunarvottorði og viðurkenningu ákærðs sjálfs, að hraðamælirinn í bifreið ákærðs var ekki í sambandi.

Hins vegar þykir ekki nægilega sannað gegn neitun ákærðs, að hann hafi ekið of hratt. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærðunnar.

Með framangreindu atferli hefur ákærður gerzt brotlegur gegn 9. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941. Ákærðan ber hins vegar að sýkna fyrir brot á öðrum lagaákvæðum, er í ákæru greinir.

Refsing ákærðs þykir hæfilega ákveðin 100,00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðan ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteins-sonar hdl., kr. 400,00.

Máli Oddgeirs Einarssonar hefur verið lokið með dómssátt.

#### D ó m s o r ð :

Ákærður, Guðmundur Friðþjófur Guðmundsson, greiði 100,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun til skipaðs verjanda síns, Péturs Þorsteinssonar hdl., kr. 400,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 21/1954.

**Aron Guðbrandsson**

gegn

**Jóni Erlendssyni.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Frávísun héraðsdóms hrundið.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. f. m. Hann krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur í héraðsstefnu haft uppi þá dómkröfu, að varnaraðilja verði dæmt óheimilt að hafa lykil að læsingu hliðs þess, er í málinu greinir. Samkvæmt málflutningi sóknaraðilja þykir eiga að skýra þessa kröfu hans þannig, að hann vilji fá dómsorð um það, að varnaraðili hafi fyrirgert rétti sínum til nefnds lykils. Sóknaraðili á rétt á að fá efnisúrlausn dómstóla um slíka kröfu. Frávísunardómur héraðsdómara verður því úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 200,00.

### **Dómsorð:**

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.